

Miðvikudaginn 19. apríl 1967.

Nr. 221/1966. **Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1966 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði úrskurður kveður á um lögtak á hendur áfrýjanda án þess að tilgreina lögtaksfjárhæð. Úrskurðurinn er því markleysa, sbr. 193. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936.

Málskostnaður skal niður falla.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er markleysa.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógætadóms Húnavatnssýslu 14. september 1966.

Gerðarþola, Ræktunarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, var gert að greiða aðstöðugjald til Ytri-Torfustaðahrepps 1962 og 1963, en þar sem aðstöðugjald þetta var ekki greitt og gerðarþoli taldi, að sér bæri ekki skylda að greiða það, fór gerðarbeið-

andi, oddviti Ytri-Torfustaðhrepps, fram á, að löktak færi fram í eignum gerðarþola til tryggingar greiðslu aðstöðugjaldsins.

Lögtaksúrskurður var kveðinn upp 23/12 1964. Þar sem vitað var af samtali við formann Ræktunarsambands Vestur-Húnavatnssýslu, gerðarþola, að lögtakinu yrði mótmælt, varð það að munnlegu samkomulagi, að han mætti síðar um veturinn á skrifstofu embættisins á Blönduósi án formlegrar birtingar lögtaksúrskurðar. Varð það síðar að samkomulagi, að lögtaksmálið yrði tekið fyrir á manntalsþingi, en það var háð óvanalega seint þetta ár, eða 7. okt. 1965, en þá var málið þingfest.

Úrskurðarefnið í þessu máli er tvenns konar:

1. Er gerðarþoli, Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, aðstöðugjaldskyldur?
2. Ef svo er, getur þá gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps, lagt aðstöðugjald á gerðarþola, Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, vegna starfsemi þess í Ytri-Torfustaðahreppi?

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga (nr. 69/1962) segir, að innheimta megi aðstöðugjald hjá „... atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa ...“.

Það fer ekki milli mála, að gerðarþoli, Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, hafi með höndum atvinnurekstur í venjulegum skilningi þess orðs, þótt sá atvinnurekstur sem höfuðtilgangur sé ekki beint í ábataskyni, heldur til þess að veita ákveðna þjónustu.

Orðalag 8. gr. laga nr. 69/1962 virðist það ákveðið, og undantekningarákvæðin í þeirri grein og 29. gr. sömu laga, sbr. reglugerð nr. 81 26. júní 1962, 5. gr., virðast tæmandi, þannig að vart geti verið um það að ræða að telja gjaldskyldu ekki fyrir hendi, enda má segja, að starfsemi ræktunarsambandsins sé sambærileg starfsemi samvinnufélaga og tekur yfir svið, sem gæti verið unnið af einstaklingum og er einmitt í Vestur-Húnavatnssýslu unnið af einstaklingum, sem þá greiða fullt aðstöðugjald. Enda hefur það komið fram og hefur ekki verið mótmælt, að vélar sambandsins vinni fyrir aðra en félagsmenn, t. d. vegagerðina, og þá eftir sama taxta og þessum aðiljum er greitt, sem greiða aðstöðugjald af tekjum sínum.

Í þessu raunhæfa tilviki er ekki hægt að taka tillit til mismunandi framkvæmda ákvæða um aðstöðugjald annars staðar á landinu né heldur er rétturinn fær að taka afstöðu til þess, hvort heppilegt sé, að ræktunarsambandið greiði aðstöðugjald eða

ekki. Aðeins verður að taka afstöðu til orðalags gildandi laga, þar sem ákvæði um aðstöðugjald eru svo nýleg, að um venjurétt er ekki að ræða.

Að virtu öllu þessu verður ekki hægt að fallast á skoðun gerðarþola, að ræktunarsambandið sé undanþegið aðstöðugjaldi, og þess vegna verður ekki synjað um framgang lögtaksins á þeim forsendum.

Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu er raunar undirstofnun eða angi af Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, en með sjálfstæðu bókhaldi og framkvæmdastjóra, sem mun taka laun sín að mestu hjá ræktunarsambandinu. Þetta kemur fram í reglugerð 5/11 nr. 149/1946. Af málsskjöllum sést, að heimili formanns er heimili Búnaðarsambandsins, eða eins og venjulega er sagt í samþykktum, „lögheimili þess og varnarþing er“ o. s. frv. Þetta ákvæði er nánast af réttarfarsástæðu og því ekki ástæða til þess að gefa því meira gildi en efni standa til.

Samtök með jafnvíðtækan rekstur og ræktunarsambandið hefur hljóta að hafa einhvern samastað, enda segir á þingskjali nr. 7: „Ekki verður því mótmælt, að í Ytri-Torfustaðahreppi fer fram reikningsuppgjör, og þar eru ýmis tæki ræktunarsambandsins í geymslu yfir vetrartímann.“ Og þar mun ræktunarsambandið eiga geymsluhús. Í öðrum hreppum sýslunnar er sú aðstaða ekki fyrir hendi. Að vísu fer starfsemi ræktunarsambandsins fram í öllum hreppum sýslunnar, en margháttuð þjónustustarfsemi fer fram meira og minna utan þess sveitarfélags, þar sem sú stofnun er staðsett, sem veitir þjónustuna. Engu að síður er það aðalreglan, að stofnun verður að greiða sín gjöld í því sveitarfélagi, þar sem höfuðstöðvarnar eru, í þessu tilviki í Ytri-Torfustaðahreppi.

Á þá skoðun gerðarbeiðanda verður því fallizt, að aðalstöðvar Ræktunarsambands Vestur-Húnavatnssýslu séu í Ytri-Torfustaðahreppi og hreppsnefndinni því heimilt að leggja aðstöðugjald á aðstöðugjaldskyldan rekstur þess, og ber því að heimila framgang umbeðins lögtaks.

Ályktarorð:

Hið umbeðna lögtak má fara fram.
